



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 30. október 2025

MSS25100047

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um systkinatillit í leikskólum

Á fundi borgarráðs, 9. október 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu er þess getið að börn sem eigi systkini í umsóknarleikskóla skuli njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista bjóðist rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um það, með hvaða hætti skóla- og frístundasvið hefur tryggt að fjölskyldur njóti þessa systkinatillits og hversu oft reglunni hefur verið beitt í þágu fjölskyldna með fleiri en eitt barn á leikskólum borgarinnar frá gildistöku reglunnar

Svar:

Við innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að taka tillit til systkina og leita leiða innan marka reglna um leikskólaþjónustu að systkini geti verið á sama leikskóla ef foreldrar óska eftir því. Systkini eru hér skilgreind sem börn sem hafa sama fjölskyldunúmer í þjóðskrá.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008, er skýrt kveðið á um að velferð og hagur barna skuli hafður að leiðarljósi í öllu starfi, m.a. í því hvernig forgangsraðið er við innritun í leikskóla. Í 1. mgr. 26. gr. laga um leikskóla er kveðið á um heimild sveitarstjórnar til að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu sem meðal annars taki tillit til aðstæðna barna og foreldra og aðstæðna á leikskólum njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Við túlkun á 26. gr. laganna verður því að hafa hliðsjón af meginreglu 1. mgr. 2. gr. þeirra og ljá hagsmunum barna meira vægi heldur en hagsmunum forsjáraðila.

Með vísan til framangreinds hefur verið litið svo á að eðlilegasta og óumdeildasta reglan við forgangs röðun barna í leikskóla sé aldur barna og að undantekningar frá þeirri reglu verði að styðjast við veigameiri sjónarmið, s.s. félagslegar aðstæður barna. Meginreglan við innritun er því sú að innritað er eftir kennitölu, elsta barnið fyrst að teknu tilliti til barna sem fengið hafa forgang að leikskóla á grundvelli reglna um leikskólaþjónustu. Við framkvæmd og túlkun ákvæðis reglna um leikskólaþjónustu um systkinatillit er tekið mið af framangreindu.

Vakin er athygli á því að ekki var sótt um sama leikskóla og eldra systkini er í fyrir nokkurn fjölda barna, oftast í þeim tilvikum þegar ekki stendur til boða að vera á sama leikskóla, til dæmis þegar foreldrar sækja um ungarnaleikskóla fyrir yngra barnið eða þegar eldra systkini er í 5 ára deild í sjálfstætt starfandi grunnskóla.



Reykjavík



Skilyrðin sem þarf að uppfylla til að fá systkinamerkingu er að barnið sé með leikskóla systkinis í 1. vali, systkinið sé ekki að fara í grunnskóla um haustið og að eldra systkinið sé nú þegar með virka vistun í leikskólanum sem um ræðir.

Þegar kemur að innritun barna í leikskóla sem koma í stað barna sem eru að hefja nám í grunnskóla að hausti, venjulega í mars, er til samræmis við reglur um leikskólapjónustu innritað eftir aldri barna, elsta barnið fyrst. Systkini geta því oft á tíðum fengið pláss á sama leikskóla án þess að í raun reyni á að tekið sé sérstakt tillit til systkina. Hins vegar ef fyrir liggur að aðeins eitt pláss er eftir þegar komið er að næsta barni á undan barni sem á systkini á leikskólanum, er skoðað hvort hægt er að bjóða foreldrum þess barns annan leikskóla. Ef það tekst og ef sem dæmi ekki er um flutning barnsins á undan frá öðrum leikskóla að ræða (þá er ekki gerð krafa um að valdir séu fleiri en einn leikskóli) þá er systkinatillitið virkjað og yngra systkini fær pláss á sama leikskóla og eldra barn foreldra. Eftir því sem yngra systkini eru yngra verður erfiðara að koma því að í sama leikskóla og eldra systkini.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu oft reglunni hefur verið beitt frá gildistöku hennar en fyrirliggjandi eru upplýsingar frá úthlutun sl. vor. Af þeim 1.583 börnum sem hafa fengið úthlutað plássi síðan í mars 2025 hafa 287 fengið pláss á sama leikskóla og systkini þess.

Til að leita leiða við að tryggja systkinatillit er haldið sérstaklega utan um umræddar umsóknir. Systkinatilliti var beitt í 35 skipti, þar af fjórum sinnum án boðs í annan leikskóla í stóru úthlutuninni í mars sl. 31 barni var úthlutað leikskólaplássi í annan leikskóla en systkini í mars en haldið var sérstaklega utan um þann hóp og það náðist að breyta þannig að þeim börnum var úthlutað plássi í sama leikskóla og systkini áður en leikskóladvöl hófst sl. haust.

Eftir stóð að ekki tókst að úthluta 21 barni plássi á sama borgarrekna leikskóla og eldra systkini.

Vegna þessa tillits til systkina tókst því í fjölmörgum tilfellum að bjóða foreldrum sama leikskóla og eldra barn var á.

Að hausti þegar mest öll úrvinnsla eftir stóru innritun lýkur er erfiðara að beita systkinatilliti þar sem fá pláss/tækifæri eru til að koma barni fyrir ofan systkini í annað val þar sem búið er að fylla í flest öll pláss. Einnig hafa þá eldri börn komið inn á listann vegna flutninga frá öðrum leikskóla eða vegna flutninga til borgarinnar.

